

Ásgríms-sýningin að hefjast í Kjarvalsstöðum

ÁSGRÍMSSÝNING verður opnuð n.k. laugardag í báðum sölum Kjarvalsstaða og í göngum hússins eru einnig Ásgrímsmyndir, alls 274 verk og er þetta stærsta yfirlitssýning á verkum eins málara á Íslandi. Reykjavíkurborg stendur fyrir sýningunni og á blaðamannafundi í Kjarvalsstöðum gat Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri þess að á s.l. ári hefði verið tekin ákvörðun um það hjá Reykjavíkurborg að heiðra minningu hins mikilhæfa listamanns, Ásgríms Jónssonar, með því að halda yfirlitssýningu á verkum hans í Kjarvalsstöðum í samvinnu við Ásgrímssafn, en í Ásgrímssafni er aðeins unnt að sýna um 30 myndir í einu.

Ásgrímur Jónsson var fæddur 4. marz 1876 og á því 100 ára afmæli um þessar mundir. Í sýningarnefndinni eru Bjarnveig Bjarnadóttir, Guðmundur Benediktsson, Hjörleifur Sigurðsson og Þorvaldur Skúlason. Ásgrímssýningin verður opin í marz og apríl og verður hún öllum opin frá kl. 5 á laugardag, en Bjarnveig Bjarnadóttir í Ásgrímssafni þakkaði borgarstjórn þá miklu rausn að hafa sýninguna opna ókeypis fyrir alla sýningartímann, en á sýningunni eru tæplega 300 af þeim málverkum sem Ásgrímur gaf íslenzku þjóðinni á sínum tíma og varðveitt eru í Ásgrímssafni.

Ásgrímssýningunni í Kjarvalsstöðum er skipt í nokkrar deildir, m.a. myndir frá Húsafelli, eldgosamyndir, Reykjavíkurdeild, Þingvalladeild, þjóðsagnamyndir o.s.frv.

Ólafur B. Thors, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur, formaður stjórnar Kjarvalsstaða, tjáði fréttamönnum að á sýningartímanum yrðu haldnir tveir Mozarttónleikar, en Ásgrímur var mikill unnandi tónlistar og þá sérstaklega Mozarts og á yngri árum átti hann í baráttu um að velja á milli hvort hann ætti að sinna tónlist eða listmálun. Ólafur kvað Kammersveit Reykjavíkur sjá um aðra tónleikana, en Félag íslenzkra tónlistarmanna um hina og tilgangurinn væri að gera þessa sýningu enn meiri hátíð.

Í spjalli við fréttamenn rifjaði Bjarnveig upp fyrstu ár Ásgríms sem málara og þá erfiðleika og oft skilningsskort sem við var að glíma en aldrei kvað hún málarann hafa gleymt orðum Ara bónda á Fagurhólsmýri er hann sagði við Ásgrím: „Þetta hlýtur að vera einhverskonar ættjarðarást að mála landið."

Ásgrímssýningin er fjórða viðamikla listsýningin sem Reykjavíkurborg stendur fyrir í Kjarvalsstöðum. Sú fyrsta var Kjarvalssýning, þá sýning á eigin verkum borgarinnar og svo sýning fjögurra listamanna sem borgin bauð að sýna sameiginlega í húsinu.

Hér fer á eftir ávarp Birgis Ísleifs Gunnarssonar borgarstjóra, sem birt er í sýningarskrá Ásgrímssýningarinnar að Kjarvalsstöðum:

„Sú taug hlýtur að vera





Þessa mynd tók Ólafur K. Magnússon ljósmyndari Morgunblaðsins, af Ásgrími Jónssyni listmálara þegar hann afhenti íslenzku þjóðinni á sínum tíma að gjöf tæplega 500 málverk eftir sig, en listamaðurinn andaðist 5. apríl 1958. Myndin er tekin í vinnustofu listamannsins við afhendingu málverkanna, en síðar var Ásgrímssafn opnað í vinnustofu og heimili listamannsins að Bergstaðastræti 74 árið 1960.

Á blaðamannafundinum í Kjarvalsstöðum í gær í tilefni opnunar Ásgrímssýningarinnar. Frá vinstri: Alfreð Guðmundsson, forstöðumaður Kjarvalsstaða, Ólafur B. Thors, forseti borgarstjórnar Reykjavíkur formaður stjórnar Kjarvalsstaða, Guðmundur Benediktsson og Hörleifur Sigurðsson listamenn, Bjarnveig Bjarnadóttir og Birgir Ísleifur Gunnarsson borgarstjóri Ljósmynd Mbl. Ól.K.M.



Reykjavíkurborg efnir til stærstu yfirlitssýningar eins málara á Íslandi



römm, sem dregur fátækan, íslenzkan bóndason, fæddan fyrir 100 árum, til listnáms erlendis og til að helga sig myndlistarstörfum af þeirri alvöru og elju, að hann er ótvírætt meðal þeirra fremstu, sem fengizt hafa við myndlist á Íslandi. Ásgrímur Jónsson hefur lýst því í endurminningum sínum, sem Tómas Guðmundsson færði í letur fyrir 20 árum, að þegar í bernsku hafi hann fest sig í þeirri trú, að hann ætti að verða málari. Þó hefði hann á þeim árum víst sjaldan eða aldrei heyrt minnzt á listmálara og ekki kynnzt myndlist af eigin sjón, fyrr en hann var orðinn fulltíða maður og kominn til Kaupmannahafnar. „En allt að einu", segir Ásgrímur, „undi ég öllum stundum, er ég mátti, við að festa á blað þær myndir úr náttúrunni, sem mér voru hugleiknastar, og það var eiginlega mesta furða, hvað ég gat orðið mér úti um mikinn pappír til þeirra hluta, en sjálfsagt hef ég haldið eins spart á honum og mér var unnt."

Ásgrímur Jónsson var brautryðjandi í íslenzkri myndlist. Hann var að vísu ekki fyrsti íslenzki myndlistarmaðurinn, en hann flutti með sér ferskan andblæ og lífsþrótt í íslenzkt myndlistarlíf. Með verkum sínum þroskaði hann þekkingu landsmanna á myndlist, og yngri mönnum varð hann fyrirmynd og aflgjafi, en margir okkar beztu listamanna, sem á eftir honum komu, nutu leiðsagnar hans, áður en þeir héldu utan til náms.

Flestar fyrirmyndir sótti hann í íslenzka náttúru og landslag. Enginn íslenzkur málari hefur náð lengra en hann í túlkun á stórbrotnu landslagi okkar og fáir náð að standa jafnfætis honum í þeirri list. Annar athyglisverður þáttur í list Ásgríms er túlkun hans á íslenzkum þjóðsögum, þar sem hann dregur fram af skarpskyggni atburði og nöfn úr hinum kynlega þjóðsagnaheimi okkar. Þannig stendur list hans djúpum rótum í íslenzkri þjóðarsál.

Ásgrímur ferðaðist víða um landið til að viða að sér hugmyndum í myndir sínar. Lengst af bjó hann þó í Reykjavík. Hér starfaði hann og var áberandi persónuleiki í bæjarlífinu. Hér hélt hann fjölda sýninga, sem settu mikinn svip á listalífið í bænum.

Ásgrímur Jónsson hefði orðið 100 ára þann 4. marz 1976. Minningu þessa mikilhæfa listamanns vill Reykjavíkurborg heiðra með því að halda að Kjarvalsstöðum yfirlitssýningu á verkum hans í samvinnu við Ásgrímssafn. Þess er að vænta, að borgarbúar og landsmenn allir kunni að meta þá ákvörðun og að sýningin verði einn af meiri háttar listviðburðum ársins."